

2010

Þjóðarspegilinn

Jón Sigurðsson forseti og aðild Íslands að Evrópusambandinu

Páll Björnsson

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Jón Sigurðsson forseti og aðild Íslands að Evrópusambandinu

Páll Björnsson

„Það er merkilegt hvað menn eru duglegir við að draga fram Jón Sigurðsson og reyna að gera hann að samherja sínum“ (Egill Helgason, 2009). Tilfni þessara ummæla voru tíðar vísanir stuðningsmanna en þó einkum andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu til Jóns Sigurðssonar forseta (1811–1879). Spurningin er áhugaverð: Hvernig má það vera að Jón Sigurðsson, sem gegndi forystu í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld, skuli ganga aftur í umræðum um þjóðfélagsmál á Íslandi þótt langt sé um liðið frá andláti hans? Til þess að skoða þetta verður fyrst leitað svara við þeirri spurningu hverjir hafi einkum nýtt sér Jón, þ.e.a.s. hvort það séu bæði andstæðingar og stuðningsmenn aukinnar Evrópusamvinnu Íslands og einnig hvort fólk úr ólíkum stjórnmálaflokkum hafi gert það. Þá verður kannað hvernig Jón hefur verið notaður, t.d. hvort notendurnir styðjist mikið við sömu vísanir í verk hans eða túlkanir á honum. Þessi orðræða verður m.ö.o. flokkuð og greind um leið og hugað verður að því hvort vísanir til Jóns séu merki um að hann gegni ákveðnu hlutverki sem þjóðernislegt sameiningartákn.

Gögnin sem voru notuð í þessari rannsókn eru einkum þrens konar. Í fyrsta lagi var leitað í blaða- og tímaritsgreinum með aðstoð gagnagrunnsins timarit.is. Leitað var að öllum orðasamböndum þar sem orðastrengirnir „Jón forseti“ og „Jón Sigurðsson forseti“ komu fyrir, í öllum föllum. Bláa- og tímaritsgreinarnar, sem fundust með þessu móti, reyndust samtals vera 47 og eru frá árunum 1989 til 2010. Með svipuðum hætti var leitað á veraldarvefnum með aðstoð google-leitarvélarinnar og gaf sú leit 55 færslur. Loks voru skoðaðar þær hátíðarræður sem fluttar hafa verið árlega á Hrafnseyri við Arnarfjörð þann 17. júní á undanförunum 30 árum.

Ófáar rannsóknir hafa verið gerðar á Jóni Sigurðssyni, lífshlaupi hans, hugmyndum og pólitísku starfi. Þar hafa fjölmargir fræðimenn lagt mikið af mörkum, t.a.m. Páll Eggert Ólason (1929–1933), Sverrir Kristjánsson (1981), Lúðvík Kristjánsson (1961, 1991), Einar Laxness (1979) og Guðjón Friðriksson (2002–2003). Framhaldslíf Jóns Sigurðssonar eftir andlát hans árið 1879, þ.e. saga minninga um hann eða ímyndar hans, hefur á hinn bóginn frekar lítið verið rannsakað. Þó mætti nefna að fyrir tæpum tveimur áratugum benti Guðmundur Hálfðanarson á að Íslendingar hafi „alla tíð lesið málflutning Jóns út frá sínum eigin forsendum og skilið það eitt úr sem þeim hefur fallið í geð“ (Guðmundur Hálfðanarson, 1993, bls. 38). Áratug síðar benti Guðmundur á að „engin goðgá“ væri að líta á Jón Sigurðsson „sem táknrænan föður þess þjóðríkis sem varð til á Íslandi á fyrstu áratugum tuttugustu aldar“ (Guðmundur Hálfðanarson, 2001, bls. 96). Fleiri rannsóknir mætti nefna þar sem gildi Jóns í samtímanum hefur verið rætt (Guðmundur Hálfðanarson, 2009; Sverrir Jakobsson, 2003). Með þessari rannsókn er leitast við að kafa aðeins dýpra í þetta efni með því að skoða einn anga þess, þ.e. nýtingu ímyndar Jóns Sigurðssonar í umræðum um þátttöku Íslands í samvinnu Evrópuríkja. Rétt er að geta þess að þær niðurstöður sem hér er kynntar eru afmarkaður hluti af umfangsmikilli rannsókn höfundar á því hvernig Jón Sigurðsson forseti hefur verið nýttur á mörgum sviðum sem táknmynd frá andláti hans til dagsins í dag.

Notkunin á Jóni forseta

Ein fyrstu merkin um að Jón Sigurðsson hafi verið nýttur í umræðunni um aðild Íslands að Evrópubandalaginu/Evrópusambandinu eru frá 17. júní 1988. Þá flutti Jón Sigurðsson (1988), dóms-, kirkjumála- og viðskiptaráðherra hina árlegu hátíðarræðu á Hrafnseyri. Hann ræddi mest um afmælisbarnið, alnafna sinn, þ.á m. um baráttu hans fyrir verslunarfrelsi. Mest lofaði hann þó forsetann fyrir hve hratt og vel hann hafi brugðist við nýjum aðstæðum. Síðan sneri ræðumaður sér að samtímanum og benti á að meðal þess sem nú væri að breytast væri „staða Íslands í samfélagi þjóðanna“: Hún verði „á næstu árum og áratugum ekki hvað síst háð miklum breytingum, sem eru að verða í samstarfi Evrópuþjóða“ (Jón Sigurðsson, 1988, bls. 6–7). Hér er talað í kringum hlutina en breytingar lágu í loftinu. Eftir þeim tók Ingvar Gíslason, ritstjóri *Tímans*, en hann flutti hátíðarræðuna á Hrafnseyri árið 1989: „Ég neita því ekki að mér finnst eins og ýmsir ungir menntamenn og þeir sem sækjast eftir áhrifum í þjóðfélaginu, séu farnir að leggja annan skilning í sjálfstæðishugtakið en viðgengist hefur.“ Hann óskaði sér að fólk myndi tileinka sér ákveðna íhaldssemi í þessum efnum: „Með þeim hætti ber að halda uppi merki Jóns Sigurðssonar. Þannig höldum við minningu hans í heiðri. Boðskap Jóns Sigurðssonar eigum við að lesa áfram, en ekki aftur á bak“ (Ingvar Gíslason, 1989, bls. 7). Tilhneigingar til að tengja Jón forseta við Evrópumálin voru greinilega hafnar.

Vorið 1989 birti Morgunblaðið frétt um könnun Félagsvísindastofnunar á hug 1.500 Íslendinga til Evrópubandalagsins. Niðurstöðurnar komu ýmsum á óvart því að 54% þeirra sem tóku afstöðu voru hlynntir því að Ísland sækti um aðild að bandalaginu en þriðjungur reyndist óákveðinn; mestur stuðningur var meðal ungs fólks („54% þeirra“, 1989). Niðurstaðan hreyfði við mörgum, þ.á m. Jóni Gunnarssyni, lektor við HÍ, sem ritaði langa grein í Morgunblaðið þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði sagt „nei“ ef hringt hefði verið í hann (Jón Gunnarsson, 1989). Með því hefði hann örugglega lent í góðum félagsskap, þ.e.a.s. með Jóni forseta og reyndar einnig Thomas Jefferson.

Umræðan um aukna þátttöku Íslendinga í samvinnu Evrópuþjóða var að fara í gang fyrir alvöru. Það sést best á þjóðhátíðaræðu Þorsteins Pálsson, þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, sem hann flutti á Eyrarbakka 17. júní sama ár. Hann vitnaði í Jón Sigurðsson og hrósaði honum á ýmsa lund fyrir að berjast fyrir sjálfstæði og hagsmunum Íslands. Varðandi hættuna af erlendum áhrifnum vitnaði Þorsteinn hins vegar í þessi orð Jóns úr bréfi hans til Jens bróður síns árið 1866: „Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti ...“. Um leið minnti Þorsteinn á að Evrópubandalagið hefði „sett sér markmið um frjáls viðskipti og samskipti á flestum sviðum. Aðrar þjóðir ræða um það hvernig megi tengjast þessari nýju frjálsræðisbylgju í Evrópu.“ Og bætti síðan við: „Við ætlum okkur sannarlega ekki einungis að verða Evrópubúar heldur fyrst og fremst Íslendingar í samvinnu frjálsra þjóða í Evrópu. Ísland á ekki að vera eyland nema í landfræðilegum skilningi. Einangrun Íslands á þessum miklu breytingartímum myndi þýða stöðnum og afturför“ („Frelsið er“, 1989). Ræðan er annars merkileg fyrir þær sakir að Þorsteinn taldi mögulegt að Berlínarmúrinn félli, u.þ.b. hálfu ári áður en það gerðist; þá taldi hann þá „draumsýn“ ekki lengur óhugsandi að Evrópa yrði „ein álfa og frjáls“. Viðbrögðin við ræðunni virðast ekki hafa verið mikil. Þó má ætla að Matthías Johannesson sé að bregðast við þessum vangaveltum Þorsteins í dálki sínum „Helgispjalli“ í Morgunblaðinu fáum dögum síðar. „Enn vitjar Evrópa Íslands“, sagði Matthías og minnti á að Jón Sigurðsson og aðrir „fullhugar“ sjálfstæðisbaráttunnar hefðu haft „þjóðlega menntastefnu og fornar bókmenntir í hávegum. Það mættum við ekki sízt hafa í huga nú á tímum, þegar Evrópubandalagið réttir að okkur epli í Eden allsnægtanna“ („Helgispjall“, 1989).

Á næstu árum ber Jón Sigurðsson forseti talsvert á góma í Evrópumræðunni. Guðmundur Magnússon (1990) sagnfræðingur fullyrta að þá, eins og á liðnum öldum, tækjust á tvö sjónarmið, annars vegar íhaldssemi og einangrun, og hins vegar fram-sækni og alþjóðalyndi. Á 19. öld hafi Jón forseti verið talsmaður þess síðarnefnda, en í samtímanum væru vinstrisinnadír andstæðingar Evrópubandalagsins talsmenn einangrunarhyggju og í afstöðu þeirra birtist forneskja. Ólafur Oddsson (1990) íslenskufraeðingur benti hins vegar á að samstarf við Evrópuþjóðirnar mætti ekki verða til þess að fullveldi þjóðarinnar, sem Jón Sigurðsson hefði barist svo dyggilega fyrir, yrði ekki skert. Á þessum dæmum sést greinilega hvernig Jón forseti er nýttur og settur í sögulegt samhengi. Aðrir beittu einfaldari röksemdafærslum, t.d. þeirri að það væri dæmi um minnimáttarkennd að vilja ganga í bandalagið. Til samanburðar hafi Jón forseti búið lengstum í Danmörku og aldrei látið neinn bilbug á sér finna. Annars hefði Ísland ekki orðið sjálfstætt ríki (Lúðvig Eggertsson, 1990). Einfaldar vísanir í hin þekktu lokaorð Þjóðfundarins 1851, „Vér mótmælum allir“, voru einnig notaðar (Guðrún J. Halldórsdóttir, 1991; Valtýr Guðmundsson, 1991).

Einnig bar nokkuð á því að menn bæru andstæðinga nánari samvinnu Íslendinga við Evrópu saman við kunnar persónur úr Íslandssögunni, gjarnan Gissur jarl. Hann var fulltrúi hins illa á meðan fulltrúi þess góða var Jón forseti (Páll Sigurjónsson, 1991). Í slíkum uppstillingum fólst ekki aðeins umdeild þjóðernistúlkun á hlutverki Gissurar á 13. öld, þ.e.a.s. mörkun hans sem svikara, heldur einnig tilraun til þess að skilgreina viðhorf stuðningsmanna Evrópusamvinnu sem svikráð við þjóðina. Ritstjórar Tímans beittu slíku líkingamáli t.a.m. sumarið 1991 („Tímabréfið“, 1991):

Svo er komið að íslenskir ráðamenn, og helst þeir sem attir rekja til bernskuslóða Jóns Sigurðssonar og eru jafnvel alnafnar hans, eru farnir að lesa boðskap forsetans aftur á bak, vinda ofan af öllu því sem fyrri kynslóðir þessarar aldar hafa verið að snúa sér í hag með stofnun sjálfstæðs og fullvalda ríkis í anda Jóns Sigurðssonar eins og hann gaf frekast tilefni til.

Og hvað vildu ritstjórnarnir í staðinn?

Þessar kenningar (krata og nýkapitalista) boða það fyrst og fremst að setja skuli punktin aftan við sjálfstæðishugsjón Íslendinga eins og hún þróaðist í anda Jóns forseta og lauk með stofnun lýðveldis 1944. En þær gera meira. Þessum kenningum er ekki aðeins ætlað að ljúka því skeiði Íslandssögunnar sem kennt er við sjálfstæðisbaráttu og hugsjón hins frjálsa lýðveldis. Þeim er auðvitað ætlað að vera upphaf nýs tíma þar sem menn sjá Ísland fyrir sér sem stjórnskipulegan hluta Stór-Evrópu og Íslendinga sem þegna völdugra bandaríkja, þegar fram líða stundir. Það er að vísu rétt að þetta á ekki að gerast í einu stökki, heldur stig af stigi, „með milliríkjasamningum“.

Og síðan fylgir hinn sögulegi samanburður:

Raunar hafa Íslendingar æfingu frá fyrri öldum í að afsala sér innlendu forræði og gerast þegna útlendra valdhafa með milliríkjasamningi sem er Gamli sáttmáli. En það er tilfinningalaus maður á mikilleik þjóðarsögunnar sem ekki finnur hversu tragískt það er, þegar íslenskir valdamenn geta ekki látið 20. öldina líða til loka án þess að fella merki Jóns Sigurðssonar, en hefja á loft fána Gissurar Þorvaldssonar.

Greinilegt er að ritstjórnir — líklega Ingvar Gíslason því að fyrstu línurnar hér eru svipaðar og í Hrafnseyrarræðu hans árið 1989 sem vitnað var til hér að framan — litu á mögulegar breytingar á stöðu Íslands sem ein mestu þáttaskil í sögu þjóðarinnar. Að kalla á aðstoð frá Jóni forseta var hins vegar ekkert nýtt. Hér er spjótunum beint að Jóni Sigurðssyni viðskiptaráðherra, en utanríkisráðherrann, Jón Baldvin Hannibalsson, lenti einnig í skotlínunni. Þórarinn Þórarinnsson (1991), fyrrverandi ritstjóri Tímans, lagði t.d. áherslu á hlut Jóns forseta í því að færa löggjafarvaldið inn í landið. Með EES-samningnum ætlaði Jón Baldvin hins vegar að stefna í þveröfuga átt: „Það er ekki ofmælt að tveir ólíkustu mennirnir í sjálfstæðissögu Íslands varðandi löggjafarvald Alþings séu þeir Jón forseti og Jón Baldvin Hannibalsson.“ Þórarinn (1992) taldi einnig þá sem berðust fyrir aukinni Evrópusamvinnu Íslendinga vera farna að dreyma um nýjar Jótlandsheiðar og vísaði með því til tveggja alda gamallar hugmyndar um að flytja Íslendinga til Jótlands á tímum móðuharðindanna. Og hvernig gátu þeir eignast hinar nýju Jótlandsheiðar: Með því „... að hverfa frá fullveldishugmynd Jóns forseta og setta sig við að vera útskagi Evrópubandalagsins.“ Í svipuðum dúr er sú röksemda-færsla Önnu Snæbjörnsdóttur (1992) um að Jón forseti hefði fórnað ævi sinni og kröftum til að Íslendingar yrðu sjálfstæðir. Nú standi hins vegar hið „unga íslenska lýðveldi ... frammi fyrir því að þess eigin börn svíkist aftan að því.“ Svik „barnanna“ beinast því að Jóni Sigurðssyni, þau bregði sér í líki Gissurar jarls, vilji gera nýjan Gamla sáttmála og láta flytja Íslendinga á Jótlandsheiðarnar. Slíkt líkingamál hefur bæði verið notað fyrir og síðar hérlendis, t.a.m. í Icesave-deilum undangenginna missera (Guðmundur Hálfðanarson, 2009).

Einnig var sú hugmynd á kreiki að samtímafólk gæti hafið sig upp í hóp manna eins og Jóns forseta með ákveðnum aðgerðum í Evrópumálunum. Sumir höfðu vonað að Vígðís Finnbogadóttir yrði fyrsti forseti lýðveldisins til þess að beita neitunarvaldi þegar EES-samningurinn var samþykktur á Alþingi árið 1993. Af því varð þó ekki. Ári síðar benti Hannes M. Þórðarson (1994) á að þá hefði „blessunin hún Vígðís [getað] neitað að skrifa undir, og hefði þá orðið þjóðhetja og verið sett á bekk með Jóni forseta og öðrum valinkunnum mönnum ...“. Enn einu sinni er Jóni teflt fram sem tákni um æskilega breytni.

Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, lét ekki sitt eftir liggja í því að tengja Jón forseta við Evrópusambandsmálaræðuna. Í þjóðhátíðarræðu sinni 17. júní 1992, ári áður en EES-samningurinn var samþykktur, gat hann þess hvernig Jón Sigurðsson hefði hafið „á loft merki sinnar þjóðar, viljans merki, merki sem aldrei mun falla, merki sem lengst og best hefur dugað okkur.“ Síðan lýsti hann samningnum sem „gullnum meðalvegi“ og gaf þannig sterklega í skyn að verið væri að fylgja merkisberanum Jóni forseta („Lífskjaraskerðing blasir“, 1992). Þremur árum síðar, við sama tækifæri, tók Davíð Oddsson skýra afstöðu gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hann lagði áherslu á baráttu Jóns Sigurðssonar fyrir sjálfstæði landsins og bætti við að innganga í Evrópusambandið myndi þýða að staða Alþingis yrði eins og þegar það var endurreist árið 1845. Hann lagði áherslu á að Jón forseti hefði ekki eitt augnablik efast um tilverurétt þjóðarinnar. Það sé þess vegna „þyngra en tárur taki, þegar velmenntað og velmeinandi fólk er uppfyllt af vanmetakennd fyrir þjóðarinnar hönd“ („Lærum Ísland“, 1995). Að vilja aðild að Evrópusambandinu jafngilti því svikum við Jón forseta.

Ræða Davíðs framkallaði nokkur viðbrögð vegna nýtingar hans á Jóni forseta. Alþýðublaðið vakti t.d. athygli á þeim samhljómi sem forsætisráðherrann taldi sig sjá milli hugmynda Jóns og andstöðunnar við Evrópusambandsaðild Íslands („„Rugludallarnir“ og“, 1995). Annar ritstjóra blaðsins, Hrafn Jökulsson (1995), ritaði síðan grein þar sem hann gagnrýndi ráðherrann harðlega. Hrafn taldi hann lítið þekkjja til skrifa Jóns og vísaði til sömu orða og Þorsteinn Pálsson hafði gert sex árum fyrr, og vitnað var til hér að framan, að Íslendingar ættu að leyfa erlendum þjóðum að svelgja sig, í þeirri merkingu að þær myndu eiga við þá viðskipti. „Nei, Davíð Oddsson á

ekkert sameiginlegt með Jóni Sigurðssyni,“ sagði Hrafn undir lok greinar sinnar og bætti við: „Vilji hann hins vegar finna sér sálufélaga frá síðustu öld [þ.e. 19. öld]— þá væri honum nær að halla sér upp að Trampe sáluga greifa. Þar fyndi Davíð Oddsson mann sem var álíka mikið á móti samtímanum og hann er sjálfur.“ Með því að líkja Davíð við helsta andstæðing Jóns forseta á Þjóðfundinum 1851, þá lagði Hrafn sérstaka áherslu á það að Jón myndi, væri hann lífs, vilja nánara samband Íslands við Evrópusambandið.

Ekki breyttust skoðanir Davíðs Oddssonar við þessi skrif. Í gamlaársdagsræðu sinni árið 1999 áréttaði forsætisráðherrann andstöðu sína við aðild Íslands að Evrópusambandinu sem hann skilgreindi nú sem sambandsríki og leitaði síðan halds í þeim orðum Jóns forseta að farsælast væri fyrir Íslendinga að eiga viðskipti við mörg lönd en ekki aðeins eitt („Framkvæmdaviljinn dráttarklár“, 2000). Og svipuð viðhorf ómuðu í hátíðarræðu ráðherra á Hrafnseyri 17. júní 2001 þar sem hann sagði: „Það vafðist ... aldrei fyrir Jóni Sigurðssyni að frjálsri og fullvalda þjóð myndi farnast betur en þeirri sem misst hefði forsjá sína að öllu eða verulegu leyti í annarra hendur“ (Davíð Oddsson, 2001).

Fleiri stjórnmalaleiðtogar urðu þátttakendur í þessu ferli. Jón Baldvin Hannibalsson (1997), sem flutti hátíðarræðu á Hrafnseyri í tilefni þjóðhátíðardagsins 1997, ræddi t.d. mest um Jón forseta, nútímavæðingu Íslands og tengslin við önnur lönd. Jón Baldvin velti m.a. fyrir sér hvaða afstöðu Jón Sigurðsson hefði tekið til aðildar Íslendinga að Evrópusambandinu og sagðist reyndar ekkert geta fullyrt um það en vísaði hins vegar til sömu orða Jóns og Þorsteinn Pálsson hafði gert 1989 og Hrafn Jökulsson sex árum síðar: „Þú heldur að einhver svelgi okkur. Látum þá alla svelgja okkur í þeim skilningi að þeir eigi við okkur kaup og viðskipti ...“. Jón Baldvin var allavega sannfærður um að Jón hefði stutt EES-samninginn. Ræðan kallaði fram viðbrögð. Eggert Haukdal (1997), fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fullyrti t.d. að hún hefði hneykslað marga. Það væri fjarstæða „að telja þann mann, sem best hefir barist fyrir sjálfstæði og fullveldi Íslands, vilja svipta okkur forræði í veigamiklum málum með inngöngu í ESB. Það eru gróflega móðgandi orð og kaldhæðnislegt að mæla þau á fæðingarstað Jóns forseta og fæðingardegi.“

Það voru ekki aðeins stjórnmalamenn sem voru gagnrýndir fyrir að tengja Evrópusambandsaðildina við Jón forseta. Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði, er ekki aðeins þekktur fyrir stuðning við nánari tengslum Íslands við Evrópusambandið, heldur einnig fyrir áhuga sinn á Jóni Sigurðssyni forseta. Þetta tvennt tengdi hann saman í heimildamynd og bók (1998). Þar leiddi hann líkur að því að vegna áhuga síns á fríverslun myndi Jón Sigurðsson vera jákvæður gagnvart Evrópusambandinu. Nú var andmæla að vænta. Árni Bergmann (1998) rithöfundur taldi að Jón forseti hefði verið grátt leikinn af Þorvaldi. Hann benti á að aðild að sambandinu myndi þýða að vald ákvarðana yrði í vaxandi mæli flutt til Brussel: „Í ljósi þess liggur beint við að kalla Jón Sigurðsson bandamann andstæðinga aðildar að Evrópusambandinu...“ en bætti svo við: „... það skal ekki gert hér vegna þess að slík samanburðarstökk fram og aftur í tíma eru meira eða minna út í hött.“ Á svipuðum nótum gagnrýni Ragnar Arnalds (1998) málflutning Þorvalds.

Á næstu árum er eins og verði hlé á þessum tengingum Jóns forseta við spurninguna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þó má nefna að Halldór Ásgrímsson (2002) þáverandi utanríkisráðherra hélt hátíðarræðuna á Hrafnseyri 17. júní 2002 og tengdi Jón forseta við umræðuna um Evrópusambandið. Hann lagði áherslu á mikilvægi samvinnu Íslands við aðrar þjóðir á tímum aukinnar hnattvæðingar og almennt voru viðhorf hans til sambandsins jákvæð: „Þegar menn deila kjörum með öðrum, jafnvel fullveldi, verða hinir sömu að eiga fulla aðild að sameiginlegum ákvörðunum er varð framtíðarhag.“ Þá vísaði Halldór til stuðnings Jóns forseta við erlendar fjárfestingar í Dýrafirði upp úr miðri 19. öld og bætti við að „vísdomur Jóns Sigurðssonar“ ætti jafn vel við þá og nú: „Enn finnast þeir, sem kjósa einangrun og

hræðast hið óþekktu,“ sem voru greinilega skýr skilaboð til Davíðs Oddssonar. Mesta áherslu lagði Halldór síðan á þau sömu orð Jóns forseta og Þorsteinn Pálsson, Hrafn Jökullsson og Jón Baldvin höfðu gert, þ.e. að leyfa öðrum að svelgja sig, eins og vitnað var til hér að framan.

Á allra síðustu árum hefur umræðan um Evrópusambandið og Jón Sigurðsson aftur orðið fjörugri. Þorsteinn Pálsson (2007), þáverandi ritstjóri Fréttablaðsins, hélt t.a.m. hátiðarræðuna á Hrafnseyri 17. júní 2007 þar sem hann lagði áherslu á erlenda strauða héraðs. Þjóðhátiðardagurinn ætti ekki að vera rómantísk hugljómun heldur ætí fólki að nota hann til að leggja kalt mat á hlutina: „Stundum er eins og þjóðhátiðardagurinn fylli okkur svo af sjálfstæðismetnaði, eða öllu heldur sjálfstæðri þvermóðsku, að segja nei við öllum alþjóðlegum félagsskap nema þá helst í afsökunarskygni.“ Þorsteinn kvað fastar að orði ári síðar í tveimur leiðurum í Fréttablaðinu árið eftir. Hann sagði m.a.: „Þegar kemur að því að meta hvort í Evrópusambandsaðild felist bríð við sjálfstæðisbaráttu nítjándu aldar er rétt að hafa í huga að afrek Jóns Sigurðssonar fólst ekki síst í því að gera Ísland að þátttakanda í þeirri hreyfingu í Evrópu sem á þeim tíma færði fólki aukin lýðrættindi og nokkurt verslunarfrelsi. Honum auðnaðist að gera evrópska hugsjónabaráttu að íslenskum veruleika“ (Þorsteinn Pálsson, 2008, 29. apríl).

Vísanir andstæðinga Evrópusambandsaðildar til Jóns Sigurðssonar forseta voru greinilega farnar að taka á taugar Þorsteins: „Þeir sem höfðu forystu um aðildina að Atlantshafsbandalaginu voru sakaðir um svik við hugsjónir Jóns forseta. Nafni hans var veifað gegn varnarsamningnum. Andmæli í hans nafni voru færð fram gegn aðildinni að Fríverslunarsamtökunum og Evrópska efnahagssvæðinu.“ Þorsteinn minnti síðan á að hlutverk forystumannanna á 19. öld hafi verið að veita evrópskum menningarstraumum til Íslands; verkefnið í samtímanum væri það sama (Þorsteinn Pálsson, 2008, 17. júní). Vert er að geta þess strax að það voru ekki aðeins andstæðingar í öllum þeim málum sem Þorsteinn nefndi, sem notuðu Jón Sigurðsson, heldur einnig stuðningsmennirnir (Páll Björnsson, 2010). Þá miklu notkun andstæðinga Evrópusambandsaðildar á Jóni Sigurðssyni forseta, sem Þorsteinn ræddi um, er varla að finna í prentmiðlum. Sé hins vegar horft til birtinga í vefmiðlum og á bloggsíðum, sem kallaðar voru fram með google-leitarvélinni í byrjun ágúst 2010, þá er annað uppi á teningnum. Af samtals 55 síðum, þar sem rætt er um Jón forseta og Evrópusambandsaðild Íslands, þá reyndust milli 80 og 90 af hundraði þeirra vera frá andstæðingum aðildarinnar, langflestar frá síðustu þremur árum.

Andstæðingar aukinnar Evrópusamvinnu óttuðust einnig mögulegt brottmál eða brotthvarf á ákveðnum sýnilegum tákmyndum Jóns Sigurðssonar. Vorið 1991 brást leiðarahöfundur Þjóðviljans t.d. við þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að láta kanna hugsanlega aðild Íslendinga að evrópsku myntsamstarfi með þeim orðum að nú væri stefnt að því „að fella niður íslensku krónuna í raun.“ Og hvað myndi það þýða? „Þá verður aðeins sýndarmennska að hafa stórmenni sögunnar eins og Jón forseta á íslenskum peningaseðlum“ („Burt með“, 1991). Áratug síðar lagði Örnólfur Kristjánsson (2001) til í gamansömum tón að þegar Ísland væri komið í sambandið ættum menn að skipta styttni af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli út fyrir afsteypu af framkvæmdastjóra Evrópuþingsins. Umræður um að láta bræða styttna af Jóni á Austurvelli (Gylfi Gylfason, 2009) eða láta fánastöng með fána Evrópusambandsins leysa styttna af hólmi (Jón Pétur Línadal, 2010) eru af svipuðum toga. Öll þessi dæmi sýna vel hvernig ímyndir af Jóni Sigurðssyni brutust fram í hugum fólks þegar umræðan um stöðu Íslands í Evrópu bar á góma.

Umræður

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna glögg að Jón Sigurðsson hefur verið talsvert notaður í opinberri umræðu um framtíðarstöðu Íslands í Evrópu. Í því sambandi verður þó að hafa hugfast að þær heimildir, sem rannsóknin byggist á, eru takmarkaðar. Vissulega er gagnagrunnurinn timarit.is orðinn öflugur sem sést vel á því að nánast öll tölublöð af dagblöðum landsins eru komin inn í grunninn, auk fjölmargra tímarita. Rétt er þó að minna á að leitarvélarná sjaldnast öllu sem leitað er að. Einnig verður að hafa hugfast að opinber umræða af þessu tagi fer fram víðar en í prentmiðlum, netheimum eða í hátíðarræðum á Hrafnseyri. Nægir í því sambandi að benda á umræður á Alþingi en heimilda var t.a.m. ekki leitað í Alþingistíðindum. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa því einvörðungu vísbendingar um gildi Jóns Sigurðssonar í umræðunni um framtíðarstöðu Íslands.

Rannsóknin sýnir að bæði stuðningsmenn og andstæðingar aukinnar þátttöku Íslands í samvinnunni Evrópuríkja litu á Jón Sigurðsson sem bandamann sinn. Notendurnir komu auk þess úr mismunandi stjórnmálaflokkum. En hvers vegna leitar fólk til 19. aldar mannsins Jóns Sigurðssonar árið 2010 í ljósi þess að staða Íslands í samfélagi þjóðanna hefur gjörbreyst frá því á tímum Jóns? Hann skrifaði og talaði m.ö.o. inn í aðstæður sem eru ekki sambærilegar við núverandi kringumstæður. Er fólk að leita að raunverulegri leiðsögn hjá hinum raunverulega Jóni 19. aldar eða einfaldlega að búa sér til sína eigin tákmynd af honum, eignast hlutdeild í honum?

Með niðurstöðum úr þessari rannsókn verður þessum spurningum ekki svarað. Séu þær hins vegar bornar saman við niðurstöður úr nýrri rannsókn höfundar (Páll Björnsson, 2010) á arfleifð Jóns Sigurðssonar þá verður mynstrið skýrara: Allar stjórnmálahreyfingar hérlendis hafa nefnilega vísað til Jóns Sigurðssonar og allar hafa þær litið á sig sem arftaka hans: Kommúnistar, sósíalistar, nasistar, samvinnumenn, jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn. Í raun hefur Jón Sigurðsson verið gerður að þátttakanda í mörgum helstu deilumálum á sviði stjórnmála á Íslandi allt frá því snemma á 20. öld þegar heimastjórnamenn og landvarnar- og þjóðræðismenn tókust á. Allir vildu vera bandamenn forsetans og arftakar hans. Þannig komust ungir kommúnistar t.d. að orði á afmælisdegi Jóns árið 1936: „Arftaki Jóns Sigurðssonar, fulltrúi framsækninnar og byltingaraflanna nú, – það er íslenzki verkalýðurinn sem í bandalagi við fátæka bændur og millistéttir landsins býr sig undir að fullkomna það verk, sem Jón Sigurðsson helgaði líf sitt“ („Arfur Jóns“, 1936). Það kemur m.ö.o. í ljós að nýtingin á Jóni Sigurðssyni í Evrópuumræðunni er með mjög líkum hætti og tíðkast hefur í hinni almennu stjórnmálaumræðu hérlendis í meira en heila öld.

Sterk staða ímyndar Jóns Sigurðssonar endurspeglast e.t.v. best í þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á það að tilteknir aðilar væru að nota Jón Sigurðsson með „óviðurkvæmilegum“ hætti. Slík gagnrýni hefur heyrst alla 20. öldina. Taka mætti dæmi úr leiðara Alþýðublaðsins frá miðri öldinni („Jón Sigurðsson“, 1951):

Mörgum hefur blöskrað, þegar Morgunblaðið og Tíminn hafa öðru hvoru verið að reyna að draga Jón Sigurðsson, frelsishetju okkar á nítjándu öldinni, í dilk til sín og deilt dögum saman um það, hvort hann myndi í dag heldur vera íhaldsmaður eða framsóknarmaður. En hvað er þetta smekkleysi þó á móti þeirri ósvífni, að gera hið góða nafn Jóns Sigurðssonar að skálkaskjól fyrir kommúnista, og það meira að segja á afmælisdegi hans, sjálfum þjóðhátíðardeginum, eins og Þjóðviljinn leyfði sér að gera í fyrradag? Er hægt að ganga öllu lengra í helgisþjöllum og móðgun við íslenzka þjóð?

Sú helgi kringum nafn Jóns Sigurðssonar, sem hér var lýst, endurspeglast einnig í umræðunum um stöðu Íslands í Evrópu á síðustu áratugum. Hvað veldur henni? Það að fólk sé enn að leita til Jóns má helst útskýra með vísunum til kenninga um mikilvægi sameiginlegra minninga í sköpun og endursköpun einstakra þjóða. Slíkar minningar geta snúist um fjölmargt, t.a.m. sögulega atburði, sögustaði, listaverk, gjaldmiðil eða einstaklinga. Allt eru þetta dæmi um það sem kallað hefur verið „staðir minninganna“ (Nora, 1997). Ýmsir fræðimenn, allt frá Ernest Renan (1882) til Anthony D. Smiths (1996/2004), hafa lagt áherslu á að slíkar minningar tengi einstaklingana við þjóðina, efla þjóðernisvitundina. Hérlendis, eins og víða annars staðar, hafa minningar orðið til í tengslum við marga ólíka staði eða vettvanga, allt frá Þingvöllum til íþróttaliða. Eftirspurnin eftir Jóni Sigurðssyni í Evrópuumræðunni sýnir glögg að hann hefur verið álitinn góður kostur, að verðgildi ímyndar hans sé hátt metið. Hátt virði hennar er afleiðing þess að margir Íslendingar á 20. öld hafa ekki aðeins litið á Jón Sigurðsson sem afreksmann heldur sem yfirburðamann. Fólk sameinaðist um minninguna um yfirburðamanninn þótt túlkunin á inntaki hennar hafi verið mismunandi. Sá mismunur kemur t.d. glögg fram í þeim dæmum sem rætt var um hér að framan þar sem andstæðir skoðanahópar gátu gert sér mat úr honum.

Einhugur um ákveðna þjóðhetju af því tagi sem minningin um Jón forseta hefur getið af sér er óvenjulegur í vestrænu samhengi — en þó ekki einstakur. Í því sambandi mætti vísa til almennrar hylli þjóðhetjunnar Georges Washingtons (Mitnick, 1999) í Bandaríkjunum og annarra svokallaðra feðra bandaríska lýðveldisins. Eins mætti líta til Ítalíu þar sem bæði vinstri- og hægrimenn hafa reynt að gera Giuseppe Garibaldi (Gerwarth og Riall, 2009) að sínum manni. Algengara er þó að þjóðhetjurnar séu umdeildar. Í Finnlandi getur marskalkurinn Carl G. E. Mannerheim (Vihavainen o.fl., 2005) t.d. ekki orðið að sameiningartákni með sama hætti og Jón forseti vegna þess hve umdeildur hann er. Sama er að segja um stöðu þýska kanslarans Ottos von Bismarcks (Machtan, 2001). Bæði Mannerheim og Bismarck áttu þátt í að sameina eða halda ríkjum sínum saman, en komu hins vegar stórlaskaðir úr þeim leiðöngrum. Jón Sigurðsson forseti fékk á hinn bóginn fá tækifæri til að verða óvinsæll og var m.a. af þeirri ástæðu gott efni í þjóðhetju. Notkunina á Jóni forseta, m.a. í Evrópuumræðunni, má líta á sem vitnisburð um vilja notendanna til að viðhalda táknmynd hans. Það mætti einnig orða þannig að þótt sú merking sem hver og einn hefur lagt í táknið sé mismunandi, þá hafi hinir ólíku notendur á vissan hátt tekið þátt í því að halda þjóðríkinu sameinuðu með því að sameinast um þetta tiltekna tákn, Jón Sigurðsson forseta.

Heimildir

- 54% þeirra sem taka afstöðu hlynntir umsókn um EB-aðild. (1989, 6. maí). *Morgunblaðið*, bls. 44.
- Anna Snæbjörnsdóttir. (1992, 13. október). Ísland og EES. Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða. *Morgunblaðið*, bls. 18.
- Arfur Jóns Sigurðssonar. (1936, 17. júní). *Rauði fáninn. Málagn Verkefjósæsku bæja og sveita*, bls. 1.
- Árni Bergmann. (1998, 24. nóvember). Jón forseti grátt leikinn. *DV*, bls. 12.
- Burt með Jón forseta af peningaseðlunum. (1991, 24. maí). *Þjóðviljinn. Nýtt Helgarblað*, bls. 8.
- Davíð Oddsson. (2001, 17. júní). *Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra á Hrafnseyri*. Sótt 18. ágúst 2010 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar/nr/970>
- Eggert Haukdal. (1997, 11. júlí). Áttavilltur stjórnmálamaður. *Morgunblaðið*, bls. 25.
- Egill Helgason. (2009, 14. júlí). *Jóns Sigurðssonar trompið*. Sótt 18. ágúst 2010 af <http://silfuregils.eyjan.is/2009/07/14/jons-sigurds-sonar-trompid/>
- Einar Laxness. (1979). *Jón Sigurðsson forseti 1811–1879. Yfirlit um ævi og starf í máli og myndum*. Reykjavík: Sögufélag.
- Framkvæmdaviljinn dráttarklár áframhaldandi velmegunar. (2000, 4. janúar). *Morgunblaðið*, bls. 36–37.
- Frelsið er ekki í því að lifa einn og sér. (1989, 21. júní). *Morgunblaðið*, bls. 16–17.
- Gerwarth, R. og Riall, L. (2009). Fathers of the nation? Bismarck, Garibaldi and the cult of memory in Germany and Italy. *European History Quarterly*, 39, 388–413.
- Guðjón Friðriksson. (2002–2003). *Jón Sigurðsson. Ævisaga I–II*. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðmundur Hálfðanarson. (1993). Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstjórar), *Íslenskt þjóðfélagþróun 1880–1990. Ritgerðir* (bls. 9–58).. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2001). *Íslenska þjóðríkið — uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Guðmundur Hálfðanarson. (2009). Hver erum við? Um „okkur“, „hin“, Icesave og ábyrgð þjóðarinnar. *Saga. Tímarit Sögufélags* 47(2), 158–174.
- Guðmundur Magnússon. (1990, 14. júní). Forneskja eða framfarir? *DV*, bls. 14.
- Guðrún J. Halldórsdóttir. (1991, 31. júlí). Fagnaðarfrétt um Efnahagssvæði Evrópu. *Þjóðviljinn*, bls. 3.
- Gylfi Gylfason. (2009, 20. apríl). *Nú skal stytta af Jóni Sigurðssyni brædd*. Sótt 15. ágúst 2010 af <http://gylfablogg.blog.is/blog/gylfablogg/entry/858277/>
- Halldór Ásgrímsson. (2002, 17. júní). *Hátíðarræða utanríkisráðherra, Hrafnseyri við Arnarfjörð*. Sótt 15. ágúst 2010 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurHA/nr/1755>
- Hannes M. Þórðarson. (1994, 10. maí). Góðir menn, Davíð og Jón Baldvin. *Tíminn*, bls. 5.
- Helgisþjall. (1989, 25. júní). *Morgunblaðið*, bls. 18.
- Hrafn Jökulsson. (1995, 21. september). Í skugga Jóns Sigurðssonar. *Alþýðublaðið*, bls. 2.
- Ingvar Gíslason. (1989, 24. júní). Tímabréfið. *Tíminn*, bls. 6–7.
- Jón Baldvin Hannibalsson. (1997, 17. júní). Fólk og foringi. *Alþýðublaðið*, bls. 4–5.
- Jón Gunnarsson. (1989, 17. maí). EB-aðild – hví í ósköpunum? *Morgunblaðið*, bls. 48–49.
- Jón Pétur Líndal. (2010, 17. júní). *Tökum nú niður styttuna af Jóni Sigurðssyni*. Sótt 15. ágúst 2010 af <http://jonlindal.blog.is/blog/jonlindal/?offset=15>
- Jón Sigurðsson. (1988, 23. júlí). Þegar landið fær mál. *Læsbók Morgunblaðsins*, bls. 6–7.

- Jón Sigurðsson hafður að skálkaskjólí. (1951, 19. júní). *Alþýðublaðið*, bls. 4.
- Jón Sigurðsson til Jens Sigurðssonar 3. október 1866; óprentað bréf í Landsbókasafni (Lbs. 2591 4to).
- Lífskjaraskerðing blasir við og afleiðingar verða alvarlega[r] fyrir mörg byggðarlög. (1992, 19. júní). *Morgunblaðið*, bls. 28–29.
- Lúðvig Eggertsson. (1990, 12. nóv.). „Smáir“ Íslendingar. *DV*, bls. 12.
- Lúðvík Kristjánsson. (1961). *Á slóðum Jóns Sigurðssonar*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.
- Lúðvík Kristjánsson. (1991). *Jón Sigurðsson og Geirungar. Neistar úr sögu þjóðhátíðaráratugar*. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Lærum Ísland að meta. (1995, 20. júní). *Morgunblaðið*, bls. 28.
- Machtan, L. (2001). Bismarck. Í E. François og H. Schulze (ritstjórar), *Deutsche Erinnerungsorte II* (bls. 86–104). München: Verlag C.H.Beck.
- Mitnick, B. J. (ritstjóri). (1999). *George Washington: American symbol*. New York : Hudson Hills Press
- Nora, P. (1997). *Realms of memory: The construction of the French Past*. New York: Columbia University Press.
- Ólafur Oddsson. (1990, 6. desember). Um fullveldi Íslands, forsendur þess og framtíð. *Morgunblaðið*, bls. 24–25.
- Páll Björnsson. (2010). *Jón Sigurðsson forseti. Samband þjóðar og hetju í 200 ár, 1811–2011*. Óútgefið handrit.
- Páll Eggert Ólason. (1929–1933). *Jón Sigurðsson I–V*. Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag.
- Páll Sigurjónsson. (1991, 15. mars). Auðlind sem ekki má glatast. *Tíminn*, bls. 7.
- Ragnar Arnalds. (1998, 18. desember). Væri Jón forseti ákafur ESB-sinni? *DV*, bls. 14.
- Renan, E. (1882). *Qu'est-ce qu'une Nation?* París: Calmann-Lévy.
- „Rugludallarnir“ og Evrópa. (1995, 28. júlí). *Alþýðublaðið*, bls. 2.
- Smith, A.D. (2004). Memory and Modernity. Í *The antiquity of nations*. Cambridge: Polity Press. (Upphaflega gefið út 1996).
- Sverrir Jakobsson. (2003). Hvertjir eiga Jón Sigurðsson? Þankar um þjóðhetju. *TMM* 64(1), 10–14.
- Sverrir Kristjánsson. (1981). *Ritsafn I*. Reykjavík: Mál og menning.
- Tímabréfið. (1991, 13. júlí). *Tíminn*, bls. 6–7.
- Valtýr Guðmundsson. (1991, 23. febrúar). Viðsjálir valdsmenn. *Morgunblaðið*, bls. 40.
- Vihavainen, T. o.fl. (ritstjórar). (2005). *Mannerheim: An officer of the Imperial Russian Army, Marshal of Independent Finland*. Helsinki: St Petersburg Foundation of Finland, 2005.
- Þorsteinn Pálsson. (2007, 17. júní). *Ræða á Hrafnseyri*. Sótt 15. ágúst 2010 af <http://-hrafneyri.is/?pageid=92>
- Þorsteinn Pálsson. (2008, 29. apríl). Dýpri umræða um Evrópusambandið: Mótrökin. *Fréttablaðið*, bls. 16.
- Þorsteinn Pálsson. (2008, 17. júní). Jón forseti og samtíminn: Umræðufími. *Fréttablaðið*, bls. 16.
- Þorvaldur Gylfason. (1998). *Að byggja land. Þrír þættir banda sjónvarpi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þórarinn Þórarinsson. (1991, 30. október). Fær Alþing svipaða stöðu og fyrir 1874? *Tíminn*, bls. 7.
- Þórarinn Þórarinsson. (1992, 4. mars). Nýjar Jótlandsheiðar. *Tíminn*, bls. 5.
- Örnólfur Kristjánsson. (2001, 31. júlí). Sendum Rannveigu til Makedóníu. *Morgunblaðið*, bls. 46.